

ERINDISBRÉF

Starfshópur um félagslega þjónustu við fanga

Ábyrgð: Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu, velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Tilgangur verkefnisins er að öðlast yfirsýn yfir aðstæður og þau úrræði sem bjóðast einstaklingum sem eru í afplánun og eru að ljúka afplánun, með tillit til þeirrar þjónustu og þess stuðnings sem Reykjavíkurborg gæti veitt þeim. Í því sambandi er mikilvægt að eiga samræður við aðra þá aðila sem koma að þjónustu og stuðningi við fanga s.s. Fangelsismálastofnun, Afstöðu, félags fanga, heilsugæslu, geðdeild LSH, SÁÁ, Vernd, Tryggingastofnun, Virk og lögreglu. Jafnframt að leggja fram tillögur um hvernig best megi koma á móts við þjónustufarir þeirra einstaklinga sem eru í afplánun eða að ljúka henni og auðvelda þeim aðlögun að samfélaginu að nýju.

Markmið:

Að móta tillögur að félagslegri þjónustu við fanga. Skýra verklag og leiðir milli þjónustu sem annars vegar ríkið veitir fongum og hins vegar Reykjavíkurborg og hvernig haga megi samstarfinu á milli aðila. Taka skal mið af reynslu notenda þjónustunnar og sambærilegum verkefnum að erlendri fyrirmynd.

Hlutverk:

Kortleggja þjónustuúrræði fyrir þá reykvísku einstaklinga sem eru í afplánun eða eru að ljúka afplánun m.t.t möguleika á framfærslu, húsnæði, atvinnu, virkni og endurhæfingu og greina þær hindranir sem koma í veg fyrir að einstaklingur nái að aðlagast samfélaginu.

Að leggja fram tillögur að félagslegri þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við fanga sem eru í afplánun eða eru að ljúka afplánun með áherslu á aðlögun þeirra að samfélaginu og samstarf við þar til bæra aðila.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar lög og reglugerðir er varðar félagslega þjónustu sveitarfélaga svo og annað efni er lýtur að málefnum fanga.

Starfshópurinn skipa:

- Brynhildur Jensdóttir, virkniráðgjafi Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- Guðrún Marinósdóttir, deildarstjóri, Barnavernd Reykjavíkur.
- Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, deildarstjóri húsnæðismála á velferðarsviði.
- Þóra Kemp, deildarstjóri almennrar ráðgjafar á velferðarsviði er leiðir hópin.

Til ráðgjafar:

- Deildarstjórar á þjónustumiðstöðvum.
- Starfsmenn Grettistaks.
- Skrifstofa lögfræðiþjónustu.

- Dögg Hilmarsdóttir, félagsráðgjafi hjá Fangelsismálastofnun ríkisins.
- Félagsráðgjafar á geðsviði LSH.
- Margrét Jónsdóttir, félagsráðgjafi Tryggingastofnun ríkisins.
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
- Afstaða, félag fanga.

Starfstími:

Hópurinn starfar á tímabilinu september 2016 til 31. desember 2016.

Reykjavík, 6. september 2016

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri

Ítarefni:

Reglur um starfshópa

Developing a Comprehensive State Plan for Mental/Health Criminal Justice Collaboration: Sequential Model. <http://www.samhsa.gov/criminal-juvenile-justice/samhsas-efforts>

Hanne Ramsbøl og Nell Rasmussen (2010) . Projekt God Løsladelse. Erfaringer – metode og anbefalinger. Danmörk.

https://www.google.co.uk/search?hl=en&q=Projekt+God+L%C3%B8sladelse.+Erfaringer+%E2%80%93+metode+og+anbefalinger.&meta=&gws_rd=ssl.

Annað ítarefni sem lagt verður fyrir starfshópinn